

Truenorth
Fiskislóð 31A
101 Reykjavík

Garðabær, 21. febrúar 2025
202502-0079/P.V.B.
10.02.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir kvikmyndatöku og akstur utan vega

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth, dagsett 12. febrúar 2025, um leyfi til akstur utan vega vegna kvikmyndatöku á ýmsum svæðum og kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Náttúruverndarstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að keyra utan vega vegna kvikmyndatöku. Um er að ræða buggybíl sem verður myndað úr. Mögulega yrði superjepp keyrt á eftir með búnað og til öryggis. Ekki væri verið að mynda ökutæki, þau yrðu einungis notuð til að mynda úr og flytja búnað. Með umsókn fylgdu kort sem sýna mögulega tökustaði og hvar aðstöðubílum yrði lagt við Kleifarvatn í Reykjanesfólkvangi, Hjörleifshöfða, Reynisfjöru, Víkurfjöru og Þorlákshafnarfjöru. Tökur færu fram í einn dag á tímabilinu 21. - 22. febrúar 2025 og yrði einungis myndað á einum af þessum stöðum. Staðsetning færi eftir veðri. Að tökunum kæmu 30 manns.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi Reykjanesfólkvangs sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Til skamms tíma metur stofnunin að verkefnið hafi neikvæð áhrif á ásýnd allra svæðana en áhrifin séu afturkræf sé farið eftir skilyrðum. Svæðið við Kleifarvatn er vinsælt útivistarsvæði og hin svæðin í nágrenni við svæði sem mikill fjöldi fólks sækir og verkefnið því líklegt til að hafa áhrif á gesti svæðana á meðan það fer fram. Stofnunin metur þó að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins á meðan það fer fram á gesti sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Truenorth fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega í Reykjanesfólkvangi, Hjörleifshöfða, Reynisfjöru, Víkurfjöru og Þorlákshafnarfjöru og myndatöku í Reykjanesfólkvangi sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 21. - 22. febrúar 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu á hvaða svæði tökur fara fram, hvenær verkefnið hefst og þegar frágangi á svæðinu líkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Náttúruverndarstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki akstursins.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum tökusvæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Til að koma í veg fyrir að lokaafurðin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka buggybíl og öryggisbíl að tökustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðina sem sótt er um.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka svæði þar sem gróður er til staðar og raska þeim með öðrum hætti.

Náttúruverndarstofnun

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tökunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
sviðsstjóri

René Biasone
svæðisérfræðingur